

10/2018

Landspítali óskar eftir upplýsingum um verð og gæði á: ECMO vél

Upplýsingum um gæði, notkunar- og tæknieiginleika, afhendingartíma ásamt verði skal skilað á póstfangið verdfyrirspurnir@landspitali.is eigi síðar en 1. mars 2018.

Fyrirspurnir skulu sendast á póstfangið verdfyrirspurnir@landspitali.is eigi síðar en 21. febrúar 2018 og þeim verður svarað á vef LSH eigi síðar en 26. febrúar 2018.

Verð skal sett fram í íslenskum krónum. Ef miðað er við erlendan gjaldmiðil þá skal miða við Evru €. Samanburður verðupplýsinga verður miðaður við meðaltal miðgengis Seðlabanka Íslands í janúar 2018 sem var 125,41 EUR/IKR.

Stefnt er að því að semja við einn (1) bjóðanda um viðskipti þessi um kaup á einni vél.

Óskað er eftir upplýsingum um eina tegund ECMO, sem notuð verður af hjarta- og lungnaskuðlækningum m.a.

Árið 2017 varð veruleg aukning á ECMO meðferðum á LSH og á löngu tímabili voru tvær samhliða keyrslur. Það þýðir minnkað öryggi við bráðaaðstæður eins og ECMO meðferð eftir hjartastopp eða ef eitthvað óvænt kemur upp við þær ECMO meðferðir sem þegar eru í gangi eins og vélarbilun eða endingartími kerfisins minnkar skyndilega.

Miklar kröfur eru gerðar til vélarinnar því það að kaupa vél af sömu gerð og þær tvær sem nú þegar eru til staðar einfaldar kennslu og þekkingu á tækjunum, einfaldar kaup á einnota vörum og stækkar ekki vörulagerinn. Einnig er mikilvægt að ef bilun verður í tækjabúnaði er til annað tæki sem hægt er að skipta yfir á sem eykur öryggi sjúklings.

Horft er til að mælingar séu innbyggðar í vélinni og endingartíma setta. Mikilvægt er að hægt sé að nota sama settið til langs tíma og að það sé fyrirfram samsett sem tekur starfsmann skemmri tíma að undirbúa.

Kostnaðaráætlun við vélarkaupin er áætluð 10 milljónir með vsk.

Almennar kröfur til vöru og þjónustu:

- Allar boðnar vörur skulu uppfylla allar reglugerðir og alþjóðlega staðla sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu um viðkomandi vörur, svo sem EN ISO 13485:2012, GMP, ISO 9000 eða 9002, CE staðla og aðra Evrópustaðla fyrir lækningatæki eins og EN-60601-01, CENELEC HD 472 S1 og fyrir flutning vélar á jörðu og í lofti. Seljendur skulu sýna fram á þessa staðla og reglugerðir.
- Óskað er eftir ítarlegum tækniupplýsingum um umbeðnar vörur, ásamt verði.
- Framleiðsla á vörum skal vera gæðavottuð og skulu seljendur sýna fram á það.
- Við afhendingu skulu vörurnar vera í óopnuðum og óskemmdum pakkningum.
- Seljandi skal hafa á sínum vegum aðila með faglega þekkingu um viðkomandi vöru sem skal geta leiðbeint notendum um notkun og upplýst um helstu nýjungar á þessu sviði.

Vörulýsing:

Eftirtalдар skal kröfur eru gerðar til ECMO vélar:

- Vélin skal að vera lítil, létt og í einu lagi.
- Það skal vera einfalt að undirbúa vélina og vökvafylla.
- Núverandi sett LSH skulu passa í vélina svo hægt sé að skipta vél út í neyðartilfellum.
- Vélin skal hafa 90 mínútna rafhlöðuendingu.
- Eftirfarandi mælingar skulu vera innbyggðar:
 - Flæði
 - Þrýstingur
 - Hitastig
 - Hematocrit
 - Hemoglobin
 - Súrefnismettun
 - Loftbólunemar fyrir arteriu og venus slöngur

Afhendingartími:

Afhenda skal tækið innan 10 vikna frá pöntun. Ef við afhendingu kemur í ljós að sending eða hluti sendingar er verulega gölluð, þá á kaupandi rétt á að vísa hinni gölluðu vöru frá og ber honum þá að greina seljanda vörunnar skriflega frá ástæðu frávísunar. Litið er svo á að þær sendingar sem vísað er frá hafi ekki verið afhentar.

Ef upp koma vandkvæði eða seinkun í sambandi við afhendingu ber seljanda strax að tilkynna kaupanda um væntanlegan komutíma vörunnar og tilgreina ástæður fyrir seinkun/vandkvæðum. Þurfi kaupandi vegna vanefnda á afhendingu að kaupa sambærilega vöru af öðrum aðila ber seljandi þann viðbótarkostnað sem af því hlýst.

Innifalið í verði er afhending frá lager seljanda á notkunarstað, uppsetning og kennsla.

Greiðslur:

30% af reikningsupphæð er greidd þegar tækið er móttækið, uppsett og tilbúið til notkunar ásamt því að búið er að kenna á það. 70% er greitt þegar tækið hefur verið í notun án nokkura vandamála í þrjá mánuði. Reikningur skal merktur samningsnúmeri, pöntunarnúmeri, deild (afhendingarstaður) og nafni þess sem pantar, ásamt viðfangsnúmeri og tegundarlykli. Allar greiðsluupplýsingar skulu koma fram á reikningi, þ.e.a.s. nafn banka, númer útibús og reikningsnúmer. Reikningurinn skal innihalda samningsverð þannig að hann sýni umsamið einingaverð samkvæmt samningi. Að öðru leyti á reikningur að vera í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

Seljandi skal geta sent reikninga og tekið við pöntunum á rafrænu formi. Í því felst að reikningar berist á rafrænu formi, samkvæmt gildri tækniforskrift TS136 um rafrænan reikning, TS137 um rafrænan kreditreikning og TS138 um rafrænar pantanir, sem gefnar eru út af Staðlaráði Íslands. Nánari útfærsla skal fara fram milli kaupanda og seljanda.

Verðbreytingar:

Á ekki við. Reikningur er gerður miðað við miðgengi EUR í mánuðinum fyrir afhendingu tækisins.

Afhending og frágangur upplýsinga:

Upplýsingablöð fylgja þessari verðfyrirspurn og skulu upplýsingagjafar fylla inn umbeðnar upplýsingar á því formi (Excel). Ítarupplýsingar vöru skulu fylgja með á rafrænu formi. Upplýsingum skal skilað á netfangið: verdfyrirspurnir@landspitali.is